



“ VEGNA ÞESS AÐ VIÐSKIPTIN ERU EITT BEITTASTA VOPN SEM TIL ER GEGN FATÆKT HEFUR MYC4 ÚTBUIÐ OG LÁTIÐ OKKUR Í TÉ ÖFLUGT VERKFÆRI TIL AÐ STOFNA OG STYÐJA VIÐ NÝ FYRIRTÆKI OG NYJUNGAR Í VIÐSKIPTAHÁTTUM Í AFRIKU. MEÐ ÞVI AÐ BEITA NÝJUSTU TÆKNI HEFUR MYC4 TEKIST AÐ GERA FJARMÖGNUN ‘OFJARMAGNANLEGRA’ VERKEFNA MÖGULEGA MEÐ ÞVI AÐ KOMA Á VIÐSKIPTASAMBÖNDUM MILLI OKKAR

Mads Kjær

Aðalframkvæmdastjóri og einn af stofnendum MYC4

Saga MYC4

MYC4 A/S var stofnað í maí 2006 af Mads Kjær, Kjaer Group A/S, and Tim Vang. Kjaer Group hefur séð ýmsum aðilum í alþjóðlegu hjálpar- og þróunarstarfi fyrir bilum og öðrum lausnum í sambandi við farartæki síðan 1962. Mads Kjær, fyrrverandi aðalframkvæmdastjóri og nú stjórnarformaður Kjaer Group hefur 22 ára starfsreynslu sem hann hefur aflað sér á meginlandi Afríku. Hann hefur búið í Zimbabwe, Úganda og Suður-Afríku. Reynsla hans og innsæi hefur gagnast MYC4 vel á hinum ýmsu sviðum í Afríku. Mads Kjær er einnig heiðursræðismaður Eþíópíu í Danmörku.

MYC4 aflar fjármagns fyrir afríska athafnamenn, og er það liður í viðleitni þess til að verða einn af sterkustu aðilum heims í baráttunni gegn fátæktinni. Í desember 2006 fékk MYC4 DKK 5 milljónir frá dönsku hjálparstofnuninni DANIDA sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Styrkurinn var ætlaður til að þróa MYC4 kerfið.

Frumherjarnir

Hugmyndin að MYC4 tengist hugsjónum og starfi prófessors Mohammad Yanus, en hann er stofnandi banka í Bangladesh, Grameen Bank, sem lánar hinum allra snauðustu í sveitum landsins án þess að krefjast veða. Frá árinu 1983 hefur bankinn veitt 7,45 milljónum einstaklinga örlán (microcredits). Flestir lántakendurnir (97%) eru konur, úr næstum öllum þorpum landsins, eða 97% þorpanna. Meðal þeirra, sem með fordæmi sínu veittu innblástur til stofnunar MYC4, var Bono, einn af aðalmönnum í rokksveitinni U2. Allir muna átakið sem hann hóf, Product RED, til stuðnings baráttunni gegn alnæmi, berklum og malaríu í Afríku. Einnig skal nefndur annar hljómlistarmaður, Bob Geldof sem frægur er fyrir styrktarstarf ýmisskonar, þar á meðal Live 8 hljómlaikana til að efla vitund fólks um ýmsar plágur sem Afríkumenn glíma við, eins og til dæmis skuldir hins opinbera, verslunarhömlur og alnæmi.

Hugsjónir MYC4 eru alveg í stíl við hugmyndir Mohammads Yunus sem ganga út á að hrinda af stað aðgerðum sem verða hvati til hverskonar úrbóta í félags- og efnahagsmálum fátæklinganna sem fram að þessu hafa engan aðang haft að bankakerfinu, gagngert vegna fátæktar sinnar. Framtíðarsýn MYC4 er heimur án fátæktar þar sem allir hafa sama aðgang að þekkingu, mörkuðum og fjármagni. Markmiðið er að koma á sjálfbærri velsæld í Afríku fyrir tilstuðlan netsins, og ætlunin er að ryðja í burt hömlum eins og okurvöxtum sem halda fólki í fátæktargildru sem það kemst ekki úr.

MYC4 táknar eitthvað eða einhvern sem mér eða þér þykir vænt um. C4 er einnig

heiti á tilteknum plastsprengjum – viðeigandi myndlíking fyrir öll fyrirheitin sem fólgin eru í vilja fólks sem vill sækja fram en hefur verið hindrað í því fram að þessu. Með MYC4 getur hver sem orðið sinn eigin Mohammad Yunus, Bono eða Bob Geldof.

Beinum athyglinni að Afríku

Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint átta þúsaldarþróunarmarkmið¹ til að mæta þörfum snauðustu jarðarúanna, en á miðju tímabilinu frá því að þessi markmið voru ákveðin, árið 2000, og þar til þeim á að vera náð, þ.e. árið 2015, lýsa Sameinuðu þjóðirnar því yfir að þau muni ekki nást.

Í Afríku sunnan Sahara² búa 770 milljónir og fátækt er hvergi eins mikil á neinu öðru svæði jarðarinnar. Næstum helmingur íbúa svæðinsins dregur fram lífið á minna en USD 1 á dag³ og til að ná því markmiði að fækka fátæklingum um helming fyrir 2015 þyrfti næstum að tvífla það áttak sem nú er í gangi. Þess vegna beinir MYC4 kröftum sínum eingöngu að Afríku sunnan Sahara. Kofi A. Annan sagði eitt sinn: “Það er vaxandi skilningur á því um allan heim að þúsaldarmarkmiðunum verði ekki náð nema viðurkennt sé að viðskiptin séu hluti lausnarinnar.”

Gegnsæi og siðferðilega forsvaranlegar fjárfestingar

Í viðskiptaumhverfi sem einkennist af skorti á gagnsæi, hindrunum og ósanngjörnum viðskiptakjörum, ætlar MYC4 að byggja upp sjálfbært kerfi fyrir fjárfestingar og önnur tæki til að kveða endanlega niður fátæktina, auka gagnsæi, stuðla að opnum viðskiptaháttum og efla gagnkvæmt traust. Þetta eru kjarnagildi MYC4. Þau byggjast á viðurkenningu á rétti allra til að lifa mannsæmandi lífi og óskinni um að bæta veröldina. Af þeim sökum fjármagnar MYC4 ekki sölu eiturefna, vopna, heilsuspillandi efna eða ólöglegra vara.

MYC4 er orðið aðili að UN Global Compact – rammaáætlun Sameinuðu þjóðanna fyrir fyrirtæki sem hyggjast laga starfsemi sína og sóknaráætlanir að tíu almennt viðurkenndum grundvallarreglum á sviði mannréttinda, verkalýðsmála, umhverfismála og baráttunnar gegn spillingu. Sem stærsta hnattræna áttak heims á sviði borgaralegrar ábyrgðar fyrirtækja, fjallar Global Compact fyrst og fremst um félagslegt lögmæti viðskipta og markaða. Í samræmi við það sem Global Compact stendur fyrir mætti alveg segja að aðaláherslur MYC4 séu Fólkið, Hagnaðurinn og Heimurinn.

Hvati til breytinga á netinu

Með því að leggja áherslu á getu viðskiptalífsins til að kveða niður fátæktina, sér MYC4 fjárfestum fyrir öflugum verkfærum til að stofna og styðja ný fyrirtæki og til að koma á nýjungum í viðskiptalífnum í Afríku. Með því að beita nýjustu tækni hefur MYC4 tekist að gera fjármögnun 'ófjármagnanlegra' verkefna mögulega. MYC4 hefur gert fólki kleift að gera með sér viðskiptasamninga á besta markaðsverði með því að nýta hvata netsins til breytinga. Bill Gates sagði einu sinni: “Netið mun hjálpa okkur að koma á ‘núninglausum kapitalisma’ með því að koma á beinu sambandi milli kaupanda og seljanda og sjá til þess að þeir fái fullkomnar upplýsinga hvor um annan.”

En MYC4 er ekki aðeins verkfæri í þágu fjármálaumsvifa. MYC4 er nokkurskonar sambland Grameen Bank, Wikipedia, MySpace og eBay, og sem slíkt skapar það tækifæri til að festa fé og þekkingu í framtíð Afríku vegna þess að það sér okkur fyrir vettvangi þar sem við getum skipst á upplýsingum og góðum ráðum til að efla og styðja vöxt atvinnureksturs í Afríku. Þegar á allt er litið má segja að MYC4 stefni að því að koma á allsherjarkerfi sem sameinar fjármagnið, manneskjurnar og þekkinguna í því sameiginlega stefnumarki okkar að efla sjálfbær viðskipti í Afríku. Það sem knýr okkur áfram er sú staðreynd, sem öllum er ljós, að ef við stöndum saman verðum við betri og skynsamari en ella.

Hnattrænt fyrirtæki

Markmið MYC4 er að verða fyrsta fyrirtækið í heiminum sem verður í eigu allrar

1. Markmið 1: Uppræta sára fátækt og hungur
Markmið 2: Grunnskólamenntun fyrir alla
Markmið 3: Auka jafnrétti kynjanna og treysta stöðu kvenna
Markmið 4: Draga úr barnadauða
Markmið 5: Bæta heilsufar mæðra
Markmið 6: Vinna gegn HIV/AIDS, malaríu og öðrum sjúkdómum;
Markmið 7: Tryggja sjálfbærni í umhverfismálum
Markmið 8: Byggja upp alþjóðasamvinnu í þróunarmálum
2. Alþjóðabankinn: <http://devdata.worldbank.org/external/CPPProfile>
3. Sameinuðu þjóðirnar: Africa and the Millennium Development Goals, 2007 Update

heimsbyggðarinnar. Í rauninni þýðir það að hluthafarnir yrðu ekki færri en 6,6 milljarðar. Eins og málin standa nú hafa 3.500 fjárfestar frá 53 löndum fest EUR 1,7 milljónir í yfir 1.000 fyrirtækjum í Úganda, á Filabeinsströndinni og í Kenýa. MYC4 stefnir að því að ná sambandi við 25.000 fjárfesta fyrir árslok 2008 og greiða fyrir fjárfestingum sem yrðu EUR 12,5 milljónir í meira en 5.000 fyrirtækjum í Afríku.

Höfuðstöðvar MYC4 eru í Kaupmannahöfn. Komið hefur verið á fót þróunarmiðstöð fyrir upplýsingatækni í Kampala í Úganda. Á skrifstofunni í Danmörku eru 19 starfsmenn en 11 á skrifstofunni í Úganda. Á næstu þremur árum hyggst MYC4 fá til liðs við sig 12 nýja samstofnendur, sem kallast munu musketeers (skotliðar), sem – fyrir utan það að fjárfesta í áframhaldandi vexti MYC4 – munu koma fram sem erindrekar MYC4. Auk skotliðanna hyggst MYC4 stofna ráðgjafanefndir á Íslandi, í Svíþjóð, Noregi, Hollandi, Úganda og Kenýa og verður það liður í þróunarstarfi fyrirtækisins. Fyrir námsmenn sem áhuga hafa á að starfa eða nema í Afríku, hefur MYC4 komið upp ungmennaskiptum sjálfbóðaliða sem hægt er að ná sambandi við í gegnum MYC4.com.

Stjórn MYC4

Dr. Jørgen Thorball (Formaður)

Dr. Jørgen Thorball hefur sjö ára reynslu í stjórnunarstörfum á alþjóðavettvangi því hann starfaði hjá tveimur af fimm helstu lyfjafyrirtækjum heims, og undanfarin 10 ár sem stofnandi fyrirtækja og athafnamaður í lífefna- og lyfjatækniöðnaðinum þar sem hann hefur séð um margar yfirtökur, uppbyggingu á samvinnu fyrirtækja og þróun margra stórra verkefna. Jørgen Thorball er einn af stofnendum Biotechbuilders, GazelleGrowth og Danska nýsköpunarráðsins, en hann hefur lagt mikið af mörkum til að útbreiða nýjungar og örva þekkingarmiðlun.

Jørgen A. Horwitz

Jørgen A. Horwitz hefur starfað fyrir Danska bankasambandið frá því í apríl 2002. Þar á undan var hann framkvæmdastjóri HORESTA (Sambands gistihúsa, veitingahúsa og ferðamannageirans í Danmörku), deildarstjóri lögfræðideildar Mærsk Olie og Gas A/S frá 1990 til 1995, deildarstjóri lögfræðideildar Philips Industri og Handels A/S from 1988, aðstoðarframkvæmdastjóri Kjöbenhavns Handelsbank from 1985, og lögfræðingur í starfsnámi á lögmannsstofu N. J. Gorrissen frá 1982.

Undanfarin 12 ár hefur hann verið forstjóri IBIS, sem er önnur dönsk stofnun utan opinbera geirans, sem var áður danskt útbú World University Service. IBIS starfar að menntunarmálum og málum er varða lýðræði, og vinnur nú að 14 verkefnum í Suður-Afríku, Vestur-Afríku, og Mið- og Suður-Ameríku. IBIS er hluti evrópskrar stofnunar, Alliance 2015, og er Vagn Berthelsen núverandi stjórnarformaður hennar.

Stjórnarmaður í Alþjóða verslunarráðinu, sat í framkvæmdastjórn European Banking Federation, stjórnarmaður Guarantee Fund for Depositors and Investors, sat í Strategy Group of the Innovation Board, stjórnarmaður í Danish Foundation for Entrepreneurship, Activities and Culture, varamaður í Financial Business Board, sat í Danmarks Vækstråd (Danska hagvaxtarráðinu), stjórnarmaður Dýragarðsins.

Vagn Berthelsen

Vagn Berthelsen hefur starfað að þróunarmálum á ýmsum sviðum í meira en 30 ár, þar á meðal við að skipuleggja æfingabúðir og námsferðir í Afríku, Asíu og Rómönsku Ameríku fyrir MS (danska stofnun utan opinbera geirans) í þrjú ár, en eftir það fór hann að vinna við þróunarstörf og sem kennari við heimavistarskóla í Kenýa. Því næst gegndi hann öðrum störfum, þar á meðal starfi yfirmanns allrar starfsemi MS í Zimbabwe í fjögur ár, sem var mjög áhugavert starf.

Annette Juhler Kjær

Annette Juhler Kjær er sérfræðingur í samskiptum og fjölmiðlun. Frá því sumarið 2007 hefur Annette stýrt eigin ráðgjafafyrirtæki, Juhlers.com. Þar á undan, frá 2005 til 2007, starfaði Annette sem persónulegur ráðgjafi aðstoðarforsætisráðherra Danmerkur, Viðskipta- og iðnaðarráðherra, Bendt Bendtsen.

Á árunum 1988 til 2005 sá Annette, sem var reyndur fréttamaður, um fréttirnar á tveimur stöðvum ríkisútvarpsins DR, þ.e. TV and TV2, og annaðist fjölmarga þætti sem

fjölluðu um kosningar og konungleg brúðkaup, með sjónvarpaskappraðum o.fl. Á árunum 1995 til 1998 stjórnaði Annette Communication Worldwide fyrir Danisco.

Tim Frank Andersen

Tim Frank Andersen er M.Sc. í tölvufræðum og hefur starfað hjá Interactive Media í meira en 17 ár. Frá 1991 til 1995 starfaði hann hjá stærsta tryggingafélagi Danmerkur sem fjölmiðla- og auglýsingafulltrúi. Árið 1995 hóf hann störf hjá auglýsingastofunni BBDO sem framkvæmdastjóri Rannsóknar- og þróunardeildar. Síðar á því ári stofnaði hann fyrirtækið BBDO Interactive sem varð sjálfstætt vefyfyrirtæki, sem nefndist Networkers og BBDO var einnig eigandi að.

Árið 1999 stóð hann á bak við velheppnaða sameiningu við sænska netfyrirtækið Framtidsfabriken. Seinna sama ár stóð sameinaða fyrirtækið fyrir frumútboði (IPO) í sænsku kauphöllinni. Frá 1999 til 2001 sat Tim Frank Andersen í Framkvæmdastjórn Framfab sem Varaforseti alþjóðlegrar sölu og markaðssetningar. Hann stýrði einnig framrás vörumerkis Framfab á alþjóðamörkuðum. Tim tók þátt í að tryggja fjármögnun Media Company WHERE2GO, og frá 2003 til 2007 var hann aðalforstjóri þess.

Auk þessa hefur hann verið meðeigandi í IT Venture Company IVS og stjórnarformaður – og fjárfestir – í ýmsum fyrirtækjum. Tim hefur meira en átta ára reynslu af að þróa velheppnaðar netlausnir og digital Brand lausnir fyrir sum af stærstu fyrirtækjunum í Danmörku, svo og fyrir allmörg alþjóðleg vörumerki eins og Nike, Lego, Kellogg's og Unilever.

Árið 1998 gaf Tim út bókina "Brandbuilding on the Internet" ásamt Martin Lindstrom, sem seldist mjög vel. Undanfarin sjö ár hefur Tim komið fram hálfsmánaðarlega í ríkissjónvarpinu TV2 þar sem fjallað er um nýjustu tækniþróunina. Árið 2007 var hann stjórnandi sjónvarpsþáttanna "Besta hugmynd Danmerkur" á TV2. Árið 2003 var hann tilnefndur af Ráðuneyti vísinda, tækni og nýsköpunar sem formaður nefndar sem sjá skyldi um stefnumótun fyrir danskar rannsóknir á sviði upplýsingatækni. Hann á nú sæti í Upplýsinga- og samskiptartækniráði Danmerkur.

MYC4

Vegna þess að viðskipti eru eitt beittasta vopn sem til er gegn fátækt í heiminum, hefur MYC4 útbúið og látið fjárfestum í té öflugt verkfæri til að stofna og styðja við ný fyrirtæki og nýjungar í viðskiptaháttum í Afríku. MYC4 beinir fjármagn til "óþjármagnanlegra" verkefna og kemur á sambandi fólks sem hefur áhuga á viðskiptum með bestu markaðskjörum. Internetið er sá hvati til breyttra háttá sem mest munar um.

MYC4 leitast við að verða vettvangur þar sem saman kemur fjármagn, einstaklingar og þekking. Markmiðið er að koma á sjálfbærum viðskiptaháttum í Afríku.

Markmið MYC4 er að verða fyrsta fyrirtækið í heiminum sem verður í eigu allrar heimsbyggðarinnar. Í rauninni þýðir það að hluthafarnir yrðu ekki færri en 6,6 milljarðar. MYC4 stefnir að því að ná sambandi við 25.000 fjárfesta fyrir árslok 2008 og greiða fyrir fjárfestingum sem yrðu EUR 12,5 milljónir í meira en 5.000 fyrirtækjum í Afríku.

Höfuðstöðvar MYC4 eru í Kaupmannahöfn. Komið hefur verið á fót þróunarmiðstöð fyrir upplýsingatækni í Kampala í Uganda. MYC4 A/S var stofnað í maí 2006 sem samvinnuverkefni Mads Kjær, Kjaer Group A/S, og Tim Vang.

Nánari upplýsingar veitir:

Alette Heinrich Pramming

Head of Corporate Communications
MYC4 Danmark

MYC4 A/S

Frederiksholms Kanal 4, 4.
DK-1220 København K
Danmark

Sími: +45 7026 2015

Fax: +45 4926 2015

Tölvupóstur: info@myc4.com

www.myc4.com